



# HRUNAMANNAREPPUR

## 36. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 3. FUNDUR ÁRSINS

#### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. MARS 2013

#### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 7. mars 2013 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Vigdís Furuseth sem varamaður Unnsteins Eggertssonar, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vigisdóttir sem varamaður Gunnars Þórs Jóhannessonar og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, fundargerð 15. stjórnarfundar Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps, drög að friðlýsingarskilmálum vegna friðunar Þjórsárvera og næsta fund hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

#### **Erindi til hreppsnefndar:**

1. Íbúakosning: Gatnamót við Grund.
2. Arion banki: Endurútreikningur gengisláns.
3. Viðauki við fjárhagsáætlun.
4. Lánasjóður sveitarfélaga: Lánssamningur.
5. Framkvæmd Blátunnu.
6. Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða: Samningur um styrk vegna verkefnisins aðgengi að Gullfossi austanmegin.
7. Úrsögn sveitarfélagsins Árborgar úr Skólaskrifstofu Suðurlands.
8. Framlenging á verksamningi um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi.
9. Ruslamálaráðherra 2013.
10. Skipun í 17. júní nefnd.
11. Sorpstöð Suðurlands: Yfirliti yfir sorpmagn í Hrunamannahreppi árið 2012 og breytingar á afsláttarkjörum og gjaldskrá Sorpu bs.
12. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn til Alþingis um frumvarp til náttúruverndarlaga.
13. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um eftirlit Umhverfisstofnunar með náttúru landsins.
14. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.
15. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um búfjárhald.
16. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um velferð dýra (heildarlög).
17. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga (heildarlög, EES-reglur).
18. Suðurnesjadeild Ferðaklúbbsins 4x4: Fjallaskálinn í Leppistungum.
19. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Ósk um niðurfellingu á fasteignargjöldum fyrir árið 2013.
20. Fræðsla og forvarnir: Ósk um styrk.
21. Ungmennafélag Íslands: Undibúningur og framkvæmd 5. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2015, Unglingalandsmóts 2016 og landsmóts 2017 og 2021.
22. Hreinsunarátak á Flúðum.
23. Stofnfundur félags um velferð Kerlingafjallasvæðisins
24. Starfsmannastefna sveitarfélagsins.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

25. Fundargerð 2. fundar vegna gerð skólustefnu fyrir leikskóla og grunnskóla Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og stefnu fyrir félagsmiðstöðina Zero.

26. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 15. fundar landbúnaðarnefndar frá 4. mars s.l. –liggur frammi á fundinum-

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

27. Velferðanefnd Árnassýslu: Fundargerð 14. fundar frá 30. janúar 2013.

28. 56. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 28. febrúar, 93. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 28. febrúar s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

a. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 1. fundar fagraðs Brunavarna Árnassýslu frá 20. febrúar s.l.

b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 224. fundar stjórnar frá 5. febrúar s.l.

c. SASS: Fundargerð 464. fundar stjórnar frá 8. febrúar.

d. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 146. fundar stjórnar frá 15. febrúar.

e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 147. fundar stjórnar frá 27. febrúar.

**Kynningarmál:**

f. European Commission: Sustainable Uppsveitir Árnassýsla, Golden Circle area 2020.

g. Íbúafjöldi í Hrunamannahreppi.

h. Fannborg ehf: Framkvæmdaáætlun og umsókn um styrk til að bæta ferskvatnsöflun og rotþróarmál Ásgarðs í Kerlingafjöllum.

i. Styrkumsókn Landverndar til Framkvæmdasjóðs ferðamálastaða.

j. Uppsveitarorka: Fréttatilkynning.

k. Brunavarnir Árnassýslu: Eldvarnareftirlit varðandi Félagsheimili Hrunamanna Flúðum.

l. Lánasjóður sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn.

m. Könnun á fjárframlögum sveitarfélaga til HSK.

n. Liðsstyrkur: Sameiginlegt atvinnuáttaksverkefni sveitarfélaga, ríkis, atvinnurekenda og stéttarfélaga.

o. Niðurstöður úr ánægjuvöginni, könnun UMFÍ og ÍSÍ.

p. Síminn: Ljósnet á Flúðum.

q. Vegagerðin: Fjallvegastjóður.

r. Velferðavaktin: Fjölskyldustefna.

s. Umferðastofa: Ástand gróðurs og umferðaöryggi.

**Fundir framundan:**

t. Landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga 15. mars 2013.

u. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 15. mars 2013.

v. Stofnfundur Vínafélags Kerlingafjalla 12. mars 2013.

**Skýrslur á skrifstofu:**

w. Samgönguáætlun 2011-2022.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til hreppsnefndar:**

**1. Íbúakosning: Gatnamót við Grund.**

Oddviti kynnti uppdrætti sem Landform ehf hefur gert þar sem fram koma tveir möguleikar á lausnum vegna gatnamótanna við Grund á Flúðum. Annars vegar er um að ræða útfærslu á T-gatnamótum og hins vegar hringtorgi. Hreppsnefnd samþykkir að halda ráðgefandi íbúakosningu um hvort stefna skuli að T-gatnamótum eða hringtorgi við gatnamótin við Grund. Kosning skal fara fram samhliða kosningum til Alþingis laugardaginn 27. apríl n.k. Sveitarstjóra og formanni kjörstjórnar er falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kosningin geti farið fram samhliða alþingiskosningunum.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að boða til íbúafundar í Félagsheimilinu miðvikudaginn 13. mars kl. 20:00 þar sem útfærslurnar að gatnamótunum og skipulagslýsing fyrir miðsvæðið á Flúðum verða kynntar af skipulagsráðgjöfum sveitarfélagsins.

**2. Arion banki: Endurútreikningur gengisláns.**

Oddviti kynnti endurútreikning erlends láns hjá Arionbanka. Þar kemur fram að lánið lækkar úr 30,5 millj. í 8 millj. eða um kr. 22,5 millj auk þess sem endurgreiða á ofgreidda gjalddaga lánsins frá febrúar 2012 sem nemur kr. 4.433.000.

**3. Viðauki við fjárhagsáætlun.**

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 þannig að tekið verði nýtt lán að fjárhæð kr. 10.000.000 frá Lánasjóði sveitarfélaga, annars vegar til

Þess að greiða upp eftirstöðvar á endurútreiknuðu erlendu láni frá Arion banka að fjárhæð kr. 8.000.000 og hins vegar að fjármagna gatnagerð að fjárhæð kr. 2.000.000.

4. **Lánasjóður sveitarfélaga: Lánssamningur.**

Oddviti kynnti lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga upp á 10.000.000 kr. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 10.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna erlent lán hjá Arion banka að fjárhæð 8 milljónir auk þess að fjármagna gatnagerð að fjárhæð 2 milljónir kr., sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

5. **Framkvæmd Blátunnu.**

Oddviti fór yfir framkvæmd á hirðingu á Blátunnu í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir að láta bjóða út sérstaklega hirðingu á Blátunnu í Hrunamannahreppi og felur sveitarstjóra og Tæknisviði Uppsveita að bjóða verkið út.

6. **Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða: Samningur um styrk vegna verkefnisins aðgengi að Gullfossi austanmegin.**

Oddviti kynnti samning um styrk frá Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða að upphæð 700.000 kr. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

7. **Úrsögn sveitarfélagsins Árborgar úr Skólaskrifstofu Suðurlands.**

Oddviti kynnti bréf frá Sveitarfélaginu Árborg um samþykkt sveitarfélagsins um úrsögn úr byggðasamlagi um Skólaskrifstofu Suðurlands og boð um að selja öðrum sveitarfélögum þjónstu á því sviði. Hreppsnefnd lýsir yfir miklum vonbrigðum að sveitarfélagið Árborg hafi valið að fara þessa leið í samstarfi sveitarfélaganna á Suðurlandi. Ákvörðun þeirra getur haft víðtæk áhrif fyrir önnur sveitarfélög og leitt til vandræða fyrir þau að sinna þessari þjónustu því alls óljóst er hvort eða hvernig þau geta brugðist við þessum tíðindum. Það er mat hreppsnefndar Hrunamannahrepps að sveitarfélagið Árborg sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni sem getur haft veruleg áhrif á samvinnu sveitarfélagana á Suðurlandi og þá stöðu að byggja upp Selfoss sem höfuðstað Suðurlands. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps efast um að sveitarfélagið muni kaupa nokkra þjónustu af sveitarfélaginu Árborg á sviði fræðslumála og mun leita annarra leiða með öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi að leysa þau mál.

8. **Framlenging á verksamningi um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi.**

Oddviti fór yfir samning við Holræsa og stíflupjónustu Suðurlands um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir að nýta sér heimild í núgildandi samningi til að framlengja samninginn um tvö ár og felur sveitarstjóra að ganga frá framlengingunni.

9. **Ruslamálaráðherra 2013.**

Oddviti lagði til að Gunnar Þór Jóhannesson verði skipaður ruslamálaráðherra 2013 og var það samþykkt.

10. **Skipun í 17. júní nefnd.**

Oddviti lagði til að Helga Karlsdóttir verði skipuð í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.

11. **Sorpstöð Suðurlands: Yfirliti yfir sorpmagn í Hrunamannahreppi árið 2012 og breytingar á afsláttarkjörum og gjaldskrá Sorpu bs.**

Oddviti kynnti yfirlit yfir magn sorps í sveitarfélaginu frá Sorpstöð Suðurlands og breytingu á afsláttarkjörum og gjaldskrá Sorpu. Fram kom að sorpmagn í Hrunamannahreppi jókst um 7% að magni milli áranna 2011 og 2012 og kostnaður við eyðingu jókst um 27% á milli ár. Þá er ljóst að hækkun verður á gjaldskrá Sorpu vegna móttöku á sorpi vegna úrskurðar Samkeppniseftirlitsins.

12. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn til Alþingis um frumvarp til náttúruverndarlaga.**

Oddviti kynnti umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til náttúruverndarlaga. Hreppsnefnd tekur að öllu leyti undir umsögn sambandsins

og telur enn að frumvarpið sé ekki tækt til að afgreiðast með þessum hætti frá Alþingi.

**13. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um eftirlit Umhverfisstofnunar með náttúru landsins.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um drög að reglugerð um eftirlit Umhverfisstofnunar með náttúru landsins.

**14. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórnar. Fyrir liggur Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og minnisblað um frumvarpið.

**15. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um búfjárhald.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um búfjárhald. Fyrir liggur umsögn landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps um frumvarpið og umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hreppsnefnd tekur undir allar athugasemdir sem fram hafa komið af hálfu sambands og athugasemdir landbúnaðarnefndar. Hreppsnefnd vill leggja sérstaklega á að mjög óskýr verkaskipting er milli MAST og sveitarfélaganna og að kostnaðarforsendur frumvarpsins standast enga skoðun og eru ekki raunhæfar. Hreppsnefnd telur því að frumvarpið sé ekki tækt til afgreiðslu og krefst þess að Alþingi geri frumvörp þannig úr garði að þau séu framkvæmanleg.

**16. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um velferð dýra (heildarlög).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um velferð dýra (heildarlög). Fyrir liggur umsögn landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps um frumvarpið og umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hreppsnefnd tekur undir allar athugasemdir sem fram hafa komið af hálfu sambands og athugasemdir landbúnaðarnefndar. Hreppsnefnd vill leggja sérstaklega á að mjög óskýr verkaskipting er milli MAST og sveitarfélaganna og að kostnaðarforsendur frumvarpsins standast enga skoðun og eru ekki raunhæfar. Hreppsnefnd telur því að frumvarpið sé ekki tækt til afgreiðslu og krefst þess að Alþingi geri frumvörp þannig úr garði að þau séu framkvæmanleg.

**17. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga (heildarlög, EES-reglur).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga.

**18. Suðurnesjadeild Ferðaklúbbsins 4x4: Fjallaskálinn í Leppistungum.**

Oddviti kynnti erindi frá Suðurnesjadeild Ferðaklúbbsins 4x4, þar sem kannaður er áhugi um samstarf um rekstur og viðhald á skálanum í Leppistungum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við umsjónarmenn skálans hvort möguleiki sé á samstarfi við klúbbinn.

**19. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Ósk um niðurfellingu á fasteignargjöldum fyrir árið 2013.**

Oddviti kynnti bréf frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna þar sem óskað er eftir niðurfellingu á fasteignargjöldum fyrir árið 2013 vegna sumarþustaðar í Heiðarbyggð. Hreppsnefnd hafnar erindinu.

**20. Fræðsla og forvarnir: Ósk um styrk.**

Oddviti kynnti bréf frá Fræðslu og forvörnum þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 50.000 kr. Hreppsnefnd hafnar erindinu.

**21. Ungmennafélag Íslands: Undibúningur og framkvæmd 5. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2015, Unglingalandsmóts 2016 og landsmóts 2017 og 2021.**

Oddviti kynnti bréf frá Ungmennafélagi Íslands þar sem auglýst er eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 5. Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2015, 19. Unglingalandsmóti UMFÍ 2016 og landsmót 2017 og 2021.

**22. Hreinsunaráttak á Flúðum.**

Oddviti kynnti bréf frá Estheri Guðjónsdóttur og Gunnari Þór Jóhannessyni þar þar sem fram kemur að Esther og Gunnar telja að gríðarlegt rusl sé á Flúðum

sem valdi óþrýði og sé verulegt umhverfislýti og mælast þau til að 9. bekkur verði fengin til að taka til í fjáröflunarskini. Meirihlutinn getur alls ekki tekið undir þessa skoðun minnihlutans og telur umhverfið á Flúðum almennt vera til þrýði. Hreppsnefnd vill skoða þann möguleika að flýta rusladeginum í samráði við umhverfisnefnd og ruslamálaráðherra.

**23. Stofnfundur félags um velferð Kerlingarfjallasvæðisins.**

Oddviti fór yfir að þriðjudaginn 12. mars verður stofnfundur félags um velferð Kerlingarfjallasvæðisins haldinn á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að tilnefna Halldóru Hjörleifsdóttur í stjórn félagsins.

**24. Starfsmannastefna sveitarfélagsins.**

Oddviti fór yfir það hvort þörf væri á að gera sameiginlega starfsmannastefnu fyrir sveitarfélagið. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra í samráði við forsvarsmenn stofnana að skoða málið.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**25. Fundargerð 2. fundar vegna gerð skólastefnu fyrir leikskóla og grunnskóla Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og stefnu fyrir félagsmiðstöðina Zero.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar nefndarinnar. Farið var yfir næstu skref við vinnu skólastefnu, rætt var um forvarnarstefnuna og að hún eigi að standa ein og sér. Samþykkt að stefnurnar allar verði saman í einu skjali á rafrænu formi en möguleiki fyrir hvern aðila fyrir sig að birta sína stefnu á heimasíðu sinni. Einnig var farið yfir framhaldið og stefnt að því að hafa kynningu í vor. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.

**26. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 15. fundar landbúnaðarnefndar frá 4. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar landbúnaðarnefndar, þar var fjallað um frumvarp til laga um velferð dýra og frumvarp til laga um búfjárhald og athugasemdir Sambandsins íslenskra sveitarfélaga. Farið var yfir frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga og umsagnir Sambandsins. Einnig var rædd nauðsyn þess að rætt sé við landeigendur vegna safngerðis í Tungufellsdal. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

**27. Velferðanefnd Árneshrepps: Fundargerð 14. fundar frá 30. janúar 2013.**

Oddviti kynnti fundargerð Velferðanefndar Árneshrepps. Þar er fjallað um trúnaðarmál, lögð fram drög að reglum um ferðaþjónustu fatlaðra og lagt fram bréf frá Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási þar sem óskað er eftir staðfestingu frá Velferðanefnd Árneshrepps vegna umsóknar í framkvæmdasjóð aldraðra. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**28. 56. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 28. febrúar, 93. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 28. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 56. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 28. febrúar s.l. ásamt 93. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 9: Afgreiðslur byggingarfulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar til 27. febrúar 2013.

Mál nr. 16: Dsk Flúðir - miðsvæði

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu deiliskipulags fyrir miðsvæði Flúða með breytingum er varða afmörkun skipulagssvæðisins. Samþykkt að lýsingin verði kynnt íbúum sveitarfélagsins á fundi sem haldinn verður 13. mars 2013.

Mál nr. 17: Dskbr. Dalabyggð – lóð nr. 29

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar og samþykkir að breyta deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Dalabyggð á þann veg að byggingarreitir á lóð nr. 29 færir nær vegi. Ekki er talin þörf á að sækja um undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar vegna fjarlægðar frá vegi þar sem um óverulega færslu er að ræða auk þess sem fyrirhugað hús er ekki ætlað til langdvala.

### Önnur mál:

29. **Fundargerð 15. stjórnarfundar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs.**  
Oddviti kynnti fundargerð 15. stjórnarfundar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Þar er fjallað um að ráða tímabundið starfsmann í að koma skjalkerfi embættisins í betra horf. Þá kom fram að nú eru 30 ár liðinn frá því að samstarf Uppsveita hófst í byggingar- og skipulagsmálum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
30. **Drög að friðlýsingarskilmálum vegna friðunar Þjósárvera.**  
Oddviti kynnti drög að friðlýsingarskilmálum vegna friðunar Þjósárvera.
31. **Næsti fundur hreppsnefndar.**  
Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 11. apríl kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

### Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 1. fundar fagraðs Brunavarna Árnassýslu frá 20. febrúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð fagraðs Brunavarna Árnassýslu. Hreppsnefnd vill minna á að Hrunamannahreppur gekk um síðustu áramót inn í Brunavarnir Árnassýslu m.a. til að styrkja samstarf sveitarfélaga í Árnassýslu. Hreppsnefnd samþykkir nú að fresta samþykki sínu frá síðasta hreppsnefndarfundum vegna kaupa á Björgunarmiðstöðinni að Árvegi 1 að sinni.
- b. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 224. fundar stjórnar frá 5. febrúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 464. fundar stjórnar frá 8. febrúar.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 146. fundar stjórnar frá 15. febrúar.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 147. fundar stjórnar frá 27. febrúar.** Lagt fram til kynningar.

### Kynningarmál:

- f. **European Commission: Sustainable Uppsveitir Árnassýsla, Golden Circle area 2020.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Íbúafjöldi í Hrunamannahreppi.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Fannborg ehf: Framkvæmdaáætlun og umsókn um styrk til að bæta ferskvatnsöflun og rotþróarmál Ásgarðs í Kerlingafjöllum.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Styrkumsókn Landverndar til Framkvæmdasjóðs ferðamálastaða.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Uppsveitarorka: Fréttatilkygning.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Brunavarnir Árnassýslu: Eldvarnareftirlit varðandi Félagsheimili Hrunamanna Flúðum.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Lánasjóður sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Könnun á fjárframlögum sveitarfélaga til HSK.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Liðsstyrkur: Sameiginlegt atvinnuáttaksverkefni sveitarfélaga, ríkis, atvinnurekenda og stéttarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Niðurstöður úr ánægjuvöginni, könnun UMFÍ og ÍSÍ.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Síminn: Ljósnet á Flúðum.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Vegagerðin: Fjallvegasjóður.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Velferðavaktin: Fjölskyldustefna.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Umferðastofa: Ástand gróðurs og umferðaöryggi.** Lagt fram til kynningar.

### Fundir framundan:

- t. **Landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga 15. mars 2013.**
- u. **Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 15. mars 2013.**
- v. **Stofnfundur Vinafélags Kerlingafjalla 12. mars 2013.**

### Skýrslur á skrifstofu:

- w. **Samgönguáætlun 2011-2022.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:30.